

NorthQuake 2022 - Ráðstefna um jarðskjálfta á Norðurlandi IV

Fosshótel Húsavík, 18.-20. október 2022

Árið 1872, fyrir 150 árum, riðu tveir stórir jarðskjálftar yfir Húsavík og nágrenni sem ollu víðtæku tjóni, snjóflóðum og flóðbylgjum. Öll hús á Húsavík eyðilögðust eða skemmdust mikið í skjálftunum sem áttu upptök sín á Húsavíkur-Flateyjar misgenginu. Síðan þá hafa ekki orðið stórskjálftar á þessu sprungukerfi. Aðrir stórir skjálftar á Norðurlandi, t.d. nálægt Kópaskeri 1976, í mynni Skagafjarðar 1963 og við Dalvík 1934, gefa okkur hugmynd um hversu öflugir þessir skjálftar voru og hvers má vænta á næstu áratugum. Stórir skjálftar á síðustu öld og stöðug smáskjálftavirkni úti fyrir Norðurlandi á svæði sem oftast er kallað Tjörnesbrotabeltið er áminning til vísindamanna og yfirvalda um að jarðskjálftavá á Norðurlandi er mikil og ámóta þeirri vá sem er á Suðurlandsundirlendinu.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á Norðurlandi á síðustu árum og þá sérstaklega á og við Húsavík. Af helstu framkvæmdum má nefna Kísilmálmverksmiðju PCC á Bakka, jarðgöng í gegnum Húsavíkurhöfða og Þeistareykjavirkjun, ásamt fjölda nýrra íbúða og uppbyggingu tengdri ferðaþjónustu. Í ljósi þessa, en einnig vegna þess að verulegur hluti bygginga á Norðurlandi var byggður áður en núverandi byggingastaðlar tóku gildi, er mikilvægt að fara reglulega yfir stöðu rannsókna á jarðskjálftum og jarðskjálftavá á svæðinu í viðleitni okkar til að skilja betur eðli og orsakir jarðskjálftavirkinnar

og til að meta betur þá áhættu sem af stórskjálftum framtíðarinnar stafar og ræða leiðir til að draga úr áhættunni.

Í október 2022 er því boðað til fjórðu ráðstefnunnar um jarðskjálfta á Norðurlandi. Markmið ráðstefnunnar er að fá yfirlit yfir nýjustu rannsóknir á jarðskjálftum á svæðinu, orsökum þeirra, eðli, áhrifum og ennfremur kynna hagnýtingu rannsóknarniðurstaðna. Meðal efnispáttá á ráðstefnunni verður jarðsaga, skjálftavirkni, plötu-hreyfingar, jarðsprungur, sterkhreyfingar, yfirborðsáhrif, jarðskjálftavá, hönnun mannvirkja, skipulagsmál, og jarðváreftirlit. Sérstök áhersla verður lögð á að fá heildaryfirlit yfir samspil jarðskjálfta og samfélags á Norðurlandi og hvaða leiðir eru vænlegastar til lækkunar á áhættu af völdum stórra jarðskjálfta.

Ráðstefnan byggir á fyrri ráðstefnum á Húsavík árin 2013, 2016 og 2019 og verður alþjóðleg sem fyrr þar sem vísindamenn frá mörgum löndum koma og kynna niðurstöður rannsókna sinna frá Norðurlandi.

Við leggjum áherslu á að fá til þátttöku í ráðstefnunni þá íslensku og erlendu vísindamenn og verkfræðinga sem mest hafa rannsakað svæðið á undanförunum árum ásamt því að fá aðila frá sveitastjórnnum, almannavarnanefndum, Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra, sem og fólk úr samfélags- og skipulagsfræðum, verkfræðinga og tæknifræðinga sem starfa á svæðinu.

NorthQuake 2022

Ráðstefna um jarðskjálfta á Norðurlandi IV

Fyrirhuguð dagskrá 18.-20. október 2022

Dagskráin samanstendur af erindum á ensku, hvert um sig 15 mínútur að lengd með fyrirspurnum.

17. október – mánudagur

21-22: Skráning og móttaka

18. október - þriðjudagur

09-10: Skráning og kaffi

10-12: Jarðfræði Norðurlands, jarðskjálftar og tengd virkni

13-17: Jarðskjálftafræði Norðurlands, jarðskjálftahrinur, aflögun, grunnvatnsmælingar, skriður, flóðbylgjur, og fl.

19. október - miðvikudagur

09-12: Sterkhreyfingar jarðskjálfta, líkangerð af upptökum jarðskjálfta, staðbundin áhrif jarðlaga, jarðskjálftavá

13-17: Afleidd áhrif jarðskjálfta, áhrif á samfélag, jarðskjálftaverkfræði, áhætta, viðbragðsáætlanir og almannavarnir

20. október - fimmtudagur

09-12: Umræður

12-13: Kynningarfundur fyrir almenning (á íslensku)

13-17: Skoðunarferð

Skipulag og framkvæmd ráðstefnunnar:

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga (hac@hac.is) mun sjá um skipulag ráðstefnunnar og veitir ráðgjöf varðandi gistingu o.fl.

Þátttökutilkynning og ágríp af erindum:

Æskilegt er að tilkynna um líklega þátttöku sem fyrst til Þekkingarnets Þingeyinga (hac@hac.is). Til að ráðstefnuhaldarar sjái fyrir umfang og efnistöð ráðstefnunnar óskum við eftir að þeir sem vilja flytja erindi eða sýna veggspjöld tilkynni það fyrir **1. september** ásamt nafni framlagsins. Skilafrestur á ágrípum erinda (gjarnan „langur útdráttur“ með myndum, 3-4 síður) er **1. október**.

Birting erinda:

Ágríp erinda verða birt innan mánaðar í ráðstefnuskýrslu á stafrænu formi. Því er þess óskað að erindi verði send vel yfirlésin á PDF formi unnið í sniðmáti ráðstefnunnar, þannig að hægt sé að setja þau beint inn í skýrsluna.

Ráðstefnugjald:

Ráðstefnugjaldið er 180 EUR (25.000 ísl. kr) fyrir hvern þátttakanda. Innifalið í því er m.a. léttar kaffiveitingar, hádegisverður, móttaka og skoðunarferð. Frítt er fyrir stúdenta og eftirlaunaþega.

Skipuleggjendur og aðstandendur ráðstefnunnar eru:

Helena E. Ingólfssdóttir, Þekkingarnet Þingeyinga (helena@hac.is)
Huld Hafliðadóttir, Þekkingarnet Þingeyinga (huld@hac.is)
Sigurjón Jónsson, KAUST (sigurjon.jonsson@kaust.edu.sa)
Benedikt Halldórsson, Háskóli Ísl. og Veðurstofa Ísl. (skykkur@hi.is)
Kristín Jónsdóttir, Veðurstofa Íslands (kristin.jonsdottir@vedur.is)
Páll Einarsson, Jarðvísindastofnun, Háskóli Íslands
Ragnar Stefánsson, Háskólinn á Akureyri